

Málun og blönduð tækni (val) 23-24

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Málun og blönduð tækni byggir á þá reynslu og þekkingu sem nemendur hafa aflað sér í Lotum og úr valgreinunum Myndmennt 1 og Myndmennt 2 frá í fyrra. Nemendur útbúa skissubók og verður áhersla á að vinna fyrst skissur og gera svo kláruð verk.

Námslýsing: Nemendur vinna með ýmsar ólíkar aðferðir í teikningu og málun og gera tilraunir með blandaða tækni. Verkefni munu byggja á grundvallaratriðum sjónlista; formi, lit, áferð, ljósi og skugga. Nemendum verður gefinn tími til tilrauna og reynt að virkja sköpunargleði þeirra. Jafnframt er listasagan skoðuð til að auka skilning á þróun myndlistar og til innblásturs. Nemendur velja sér listaverk sem vekur áhuga þeirra sem þeir kynna sér betur. Þeir vinna svo stutta kynningu um verkið og listamanninn og kynna fyrir samnemendum sínum. Ef kostur er á verður farið í vettvangsferð á vinnustofu listamanns eða sýningu.

Kennslugögn: Ýmiss konar pappír, strigi, blýantar, málning, túss og blek.

Námsáætlun

Viðfangsefni og verkefni Námsmat

Tími Kynning á verkefnum og
1-2 skissubók gerð

Tími Samvinnuverkefni,
3-4 útivellir málaðir Getur unnið hugmynd að lokaverki. Tekið tillit til annarra í hópavinnu.

Tími Frjáls málun á striga með
5-6 ákveðna stefnu í huga/skissur Unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk. **Geta greint, borið saman og lýst ýmsum stílum og stefnum í myndlist og hönnun, bæði á Íslandi og erlendis og tengt það við þá menningu sem hann er sprottinn úr**

Tími Uppstilling
7 Nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun
Getur valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla, greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni,

Tími Listasaga/skissur
8 **Geta greint, borið saman og lýst ýmsum stílum og stefnum í myndlist og hönnun, bæði á Íslandi og erlendis og tengt það við þá menningu sem hann er sprottinn úr**

Tími Málað á tré
9-10 Beitt hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.
Getur valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla, greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni,

Tími Ferð á safn eða
11-12 vinnustofu og úrvinnsla Getur gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar og sett hann í persónulegt, menningarlegt og sögulegt samhengi.

Tími Vatnslitamálun
13 Getur tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu

Tími Listamaður/verk valið og
14 unnin kynning Getur fjallað um eigin verk og verk annarra í virku samtali við aðra nemendur

Tími Kynningar og frjáls
15 vinna Getur gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu,

Tími Frjáls vinna/klára verk
16

Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar

Listasköpun opnar einstaklingum fjölbreyttar leiðir til að vinna með hugmyndir, varpa fram spurningum, endurspeglu og túlka eigin reynslu og

annarra. (Aðalnámskrá)

Innlögn og sýning á helstu aðferðum þegar við á.

Stöðug leiðsögn og aðstoð svo leiðin að markmiði hvers og eins verði sem greiðust.

Lagt er upp úr jákvæðri hvatningu og eflingu sjálfstraust nemenda við vinnu sína.

Heilbrigði og velferð, nemandi:

- stuðlar að jákvæðum skólabrag
- sýnir frumkvæði vinnur sjálfstætt og í hóp
- nýtir styrkleika sína í vinnu sinni og samskiptum við aðra.

- **Jafnrétti**, nemandi:

- temur sér gagnrýna hugsun í greiningu sinni á aðstæðum
- fer eftir reglum í samskiptum sínum við aðra
- tekru tillit til skoðana annarra.

Lýðræði og mannréttindi, nemandi:

- kemur fram við samstarfsfólk sitt af virðingu og tillitssemi,
- vegur og metur viðfangsefni sín á gagnrýninn hátt,- temur sér siðfræðileg gildi í umgengni sinni við aðra,

Læsi, nemandi:

- les upplýsandi texta og nýtir í verkefnavinnu,
- tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem hann þekkir,
- nýtir ýmis hjálpargögn svo sem orðabækur og netmiðla,

Sjálfbærni, nemandi:

- tekst á við áltíamál í ræðu og riti um málenfi sem varðar nærumhverfi hans
- þróar með sér gagnrýna hugsun og kemur henni til skila,

Sköpun, nemandi:

- virkjar hugmyndaflugið til að finna lausnir við vinnu verkefna,
- nýtir hæfileika sína og skapar afurð

Námsmat

Hæfniviðmið erum metin jafnóðum og verkefnum er lokið. Auk verkefna er gefið fyrir umgegni og samvinnuhæfni.

Gefið er fyrir haustönn í lok annar og fyrir vorönn í lok þeirrar annar. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat og sjálfsmat nemandans sem eykur hæfni hans til að leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

Einkunn verkefna er lokið - ólokið

Hæfniviðmið tengd hverju verkefni fá einkunn í bókstöfum A B C D

Lokaeinkunn er gefin í A, B+,B, C+,C,D

Hlutverk og vinnulag nemandans

Vinnulag nemenda skal einkennast af einkunnarorðum skólans sem eru:

Virðing, ábyrgð og vellíðan.

Nemendum ber að mæta á réttum tíma

Nemendum ber að hafa farsíma og önnur tæki í töskum í kennslutímum, nema annað sé tekið fram.

Nemendur skulu nýta kennslutímann vel og fylgja fyrirmælum kennara.

Unnið skal að þeim verkefnum sem lögð eru fyrir hvert sinn.

Bera skal virðingu fyrir vinnufrið og ganga vel um verkfæri og efni sem unnið er með.